

Samfélagsarður – hið nýja fjármagnskerfi

Þjóðarauðurinn er eign samfélagsins sem heildar. Allir meðlimir samfélagsins eiga rétt á því að fá greiddan arð af rekstri þjóðfélagsins sem væri það hlutafélag og meðlimirnir hluthafar þess.

Hin mikli leyndardómur bankanna

Ég heyrði einu sinni sögu sem gefur innsýn í dulúð fjármálanna. Hún segir frá manni sem lenti í því að skip sem hann sigldi með, sökk á óþekktum stað. Hann einn bjargaðist á eyju eina þar sem enginn utanaðkomandi hafði komið til fjölda ára. Íbúar eyjunnar voru hið vænsta fólk, en mikil fátækt var á eyjunni og lífið erfitt. Þegar aðkomumaðurinn spurði fólk um ástæður þess að það væri ekki betur statt, fékk hann það svar að á eyjuna herjaði hrikalegur sjúkdómur og ef það væri ekki fyrir hina hugrökku lækna sem þar störfuðu baki brotnu við að framleiða handa þeim lyf, þá væri ekkert líf á þessari eyju.

Þar sem þetta var fyrsti aðkomumaðurinn í manna minnum, tóku lækarnir honum fagnandi og töldu hann til heldri manna. Þannig komst aðkomumaðurinn inn í valdahring læknanna, sem voru ríkustu menn eyjunnar. Fljótlega eftir að aðkomumaðurinn komst í kynni við læknana, sá hann að dulúðin á bak við lyfjagerð þeirra var ekki meiri en svo að þarna notuðu þeir tvær mjög algengar plöntur á eyjunni sem þeir muldu saman. Þarna var vissulega um að ræða einfalt og mjög ódýrt ráð við veikinni.

Aðkomumanninum blöskraði sviksemi læknanna og upplýsti íbúana um lyfið og sýndi þeim hvernig átti að búa það til. Við þetta snarbatnaði íbúunum og velmegun fór að sækja að þar sem ekki þurfti lengur að borga lyfin dýru verði. Lækarnir misstu líka valdið þar sem fólk átti sig á því að vanþekking þess ein hélt þeim við völd.

Læknadulúðin á eyjunni er ekkert einsdæmi, heldur á þetta við um margar starfsstéttir í nútíma samfélagi. Allir reyna að viðhalda dulúðinni svo hægt sé að fódra græðgina. Bankastarfssemi er til dæmis ein af þessum þáttum. Bankar í dag njóta gífurlegrar virðingar, ekki vegna þess sem þeir gera, heldur vegna þess að almenningur *veit ekki hvað þeir eru að gera*. Ef almenningur yrði upplýstur um starfsemi og hvernig hún herðir sultarólina að almenningi, þá myndi þessi lotning á starfsemi þeirra hverfa sem dög fyrir sólu.

Starfsemi bankanna er einfaldlega sú að framleiða pening og lána til ríkis, fyrirtækja og einstaklinga. Þessi lán bera svo vexti sem eykur enn á skuldsetningu lántaka, svo ekki sé minnst á verðbætur. Ef hulunni er svipt af bönkunum, þá kemur í ljós að það er verið að framleiða pening og lána ríki og einstaklingum hann, þegar í raun ætti það að vera ríkið sem framleiddi peningana og ætti svo að deila þeim út til samfélagsins.

En hvernig framleiða bankarnir peninga?

Í einfaldaðri mynd þá gerist peningaframleiðslan þannig. 10.000 krónur er lagðar inn í banka. Ef við gerum ráð fyrir 10% bindiskyldu getur bankinn lánað út 9.000 krónur og haldið eftir 1.000 krónum sem "varasjóði". Þessum 9.000 krónum er síðan ráðstafað lagðar inn í annan banka sem heldur eftir 900 krónum og lánar út 8.100 krónur. Þeim er ráðstafað og enda inni í öðrum banka sem getur því lánað út 7.290 og

haldið eftir 10%. Á endanum hafa 100.000 krónur verið búnar til "úr engu" ofan á upphaflega innistæðu upp á 10.000 krónur.

Það er til dæmis forvitnilegt til þess að hugsa, að í kjölfar þess að hlutabréfamarkaðurinn í New York tók dýfu í október 1929, þá var skortur á fjármagn allt til seinni heimstyrjaldar. Í seinni heimstyrjöldinni var hins vegar til gífurlegt fjármagn sem notað var til að framleiða hergögn og halda úti mörgum herjum. Hvaðan kom allt þetta fjármagn og hvers vegna var það ekki til staðar tíu árin þar á undan?

Það er einfaldlega þannig að stóru alþjóðabankarnir halda utan um allt fjármagn og þeir vilja ekki láta það frá sér nema hægt sé að koma viðtakendum þess undir þeirra vald. Þess vegna hefur verið aukið við skuldir þjóðríkja jafnt og þétt, þrátt fyrir að þessi þjóðríki framleiði meiri og meiri verðmæti. Með því að gera peningana að einhverju "mystísku", þá hefur ákveðin stétt einstaklinga komist í þannig völd að heilu samfélögin lúta þeim. Er þetta nákvæmlega í samræmi við söguna um aðkomumanninn á eyjunni sem fjallað var um hér að ofan.

Hin sönnu verðmæti peninga

Hvert er svarið við spurningunni, hvor er verðmeiri 500 króna seðill eða 500 euro seðill. Margir mundu í dag segja euro seðilinn verðmeiri en þann íslenska. Hins vegar ef við skoðum þessa seðla betur, þá er í raun lítill munur á þeim. Þeir eru báðir með rauðu yfirbragði og búnir til úr sama pappírnum. Reyndar eru þeir búnir til úr sama pappírnum og klósettpappírinn. Áferðin er bara önnur. Þeir eru sem sagt af svipuðu verðmæti. Það er nefnilega ekki peningurinn sjálfur sem er verðmætur, heldur liggur styrkur hans í undirliggjandi verðmætum samfélagsins, þjóðarframleiðslunni og þeim innviðum sem samfélagið hefur komið sér upp.

Eini tilgangur peninga er að auðvelda vöruskipti. Ekkert annað. Hann er verkfæri samfélagsins til að skiptast á verðmætum. Pening á að nota og þannig sjá til þess að framleiðnin verði meiri. Að safna pening til þess eins að safna pening, er álíka tilgangslaust eins og að eiga vinnuvél sem stendur alla daga inni í bílskúr og er aldrei notuð. Hún er í raun verðlaus.

Í peningalausum samfélagi stendur almenningur frammi fyrir því að þurfa að dröslast um með alla framleiðslu sína. Þannig þarf einstaklingur sem ætlar að ferðast um og gista á hóteli, að taka með sér framleiðslu sína sem samvarar þeirri vöru og þjónutu sem hann ætlar að njóta, auk þess sem hann þarf þá líka að hafa með sér vörur sem fólk er tilbúið að skipta fyrir. Þetta er í hæsta máta óhentugt. Þess vegna notum við peninga, svo við getum auðveldað okkur verðmætaflutninga. Það eina sem við verðum að hafa í huga er að fjármagn í umferð sé í samræmi við þau verðmæti sem til staðar er í samfélaginu. Hér áður fyrr notaðist fólk við pening eða eitthvað áþreifanlegt jafnvel skeljar og tréspítur. Það varð bara að vera þannig að allir viðurkenndu viðkomandi hlut sem greiðslumiðil. Í dag er greiðsluferfi okkar orðið nær alveg stafrænt og peningar (seðlar og myntir) í sjálfu sér tilgangslaussir. Það er því varla hægt að tala um að við notum pening, heldur væri nær að segja að við nýtum okkur fjármagn.

En hvernig verður fjármagn til í samfélaginu? Flestir halda því fram að það sé ríkisvaldið sem framleiði fjármagnið, en það er ekki satt nema að litlu leiti. Ríkið

framleiðir seðla og mynt, en það er jafnvel aðeins um 5% af heildar fjármagni sem er í umferð. Afgangurinn er framleiddur af bönkunum sem tölur í tölvukerfum. Öll aukning á fjármagni í umferð, meðal annars vegna aukinnar framleiðslu í samfélaginu, er lánuð út til einstaklinga, fyrirtækja og ríkisstofnana af bönkunum. En það sem er áhugaverðast við þetta allt, er sú staðreynd að bankarnir búa til peninginn til þess að lána hann. Þannig lána bankarnir ríki og einstaklingum fjármagnið á vöxtum.

Fólk hefur kallað eftir hagsældinni til sín. Því hefur verið haldið fram að hagsældin hafi aðeins heimsótt fáa útvalda einstaklinga, en allur almenningur standi eftir án aðildar að hagsældinni. Málið er hins vegar þannig vaxið, að bankarnir hafa tekið yfir stóran hluta fjármagnsframleiðslunnar og sjá um að koma því fjármagni sem vantar til að mæta viðbótar framleiðslu í landinu, út í samfélagið. Vandinn við þetta er sá að bankarnir velja þá sem eru “verðugir” þess að fá hagsældina til sín. En sama hver það er sem fær hagsældina, þá er hún alltaf LÁNUÐ út í samfélagið, með vöxtum. Þannig eru bankarnir að hagnast á því sem ætti með réttu að vera fólksins.

Hvers vegna aldrei er hægt að borga vextina.

Fjármagnsframleiðsla bankanna með lánnum getur hins vegar aldrei orðið til góða og lántakar koma alltaf til með að tapa á framleiðslunni af þeirri einföldu ástæðu að þeir þurfa alltaf að endurgreiða meira til bankanna, en það fjármagn sem þegar er í umferð. Bankinn framleiðir fjármagn að verðmæti 100.000.000 og lánar það út með 6% vöxtum. Þá stendur einstaklingurinn frammi fyrir því að þurfa að borga 106.000.000 til baka. En þar sem aðeins var framleitt fjármagn fyrir 100.000.000, hvar á þá að nálgast 6.000.000 sem vantar uppá? Bankinn fjármagnar að sjálfsögðu vextina með því að lána meiri pening gegn 6% vöxtum. Þannig viðgengst þrælsstaðan hjá “viðskiptavinum” bankans sem sífellt þarf meiri lán til að standa undir sér og úr verður stærri og stærri skuldabaggi sem samfélagið á endanum nær ekki að borga og þá verður efnahagssamdráttur og jafnvel hrún.

En hvernig er þessi staða leiðrétt og hvernig á að koma hagsældinni út til einstaklinganna?

Samfélagslegur arður

Fjármagn er strax í upphafi, eign allra í samfélaginu. Það er eign allra þar sem það byggir á raunverulegum verðmætum, á framleiðslugetu samfélagsins. Framleiðsla samfélagsins er að miklu leiti byggð á vinnuframlagi einstaklinga og hæfni, en ekki síður og í meira mæli, á þáttum og auðlindum sem eru sameign samfélagsins.

Náttúruauðlindir eru stór hluti framleiðslu samfélagsins, en náttúruauðlindir eru ekki eign einstaklings eða fámenns hóps einstaklinga, þær eru sameigninleg eign samfélagsins óháð því hver nýtir þær hverju sinni. Þekking sem liggur að baki framleiðslunni er byggð á þekkingu kynslóðanna og því ekki heldur eign einstaklings eða fámenns hóps einstaklinga. Hér er um að ræða þætti sem eru sameign samfélagsins. Það er eðlilegt að allir einstaklingarnir í samfélaginu njóti arðs af þeim þáttum framleiðslunnar sem eru sameign samfélagsins. Þetta er arfleið okkar frá fyrri kynslóðum.

Það er viðurkennd staðreynd að það þarf einstaklinga, sem nú eru uppi, til að vinna við framleiðsluna og þeir eiga rétt á að fá greitt fyrir hana. Þeir fá greiðslu fyrir

framlag sitt í formi launa, þóknunar og beinnar arðgreiðslu af framleiðslunni. Fjárfestar sem ekki taka beinan þátt í framleiðslunni fá líka sinn skerf í formi arðgreiðslna og þykir það eðlilegt.

Framlag samfélagsins til framleiðslunnar í formi þekkingar og framleiðslugetu er ekki síður mikilvægara en fjárframlög fjárfesta. Þekking samfélagsins hefur komið því til leiðar að framleiðslan er orðin skilvirkari, sem leiðir af sér meiri afurð fyrir minni vinnu. Þar sem sérhver einstaklingur í samfélaginu er arftaki þekkingar og reynslu forfeðranna, þá á þessi sami einstaklingur rétt á arðgreiðslum af framleiðslu samfélagsins.

Starfsmenn eiga rétt á arði auk þeirra launa sem þeir fá fyrir framlag sitt til verksins. Hinn atvinulausi á einnig rétt á arði, þó hann eigi ekki tilkall til launa fyrir verk sem hann hefur ekki unnið af hendi, að sama skapi og hluthafinn á rétt á arði þrátt fyrir að hafa ekki lagt hönd á plóginn við framleiðsluna. Almennigur hefur oft kallað eftir sínum hluta af þeim arði sem verður til við nýtingu sameiginlegra auðlinda. Fiskurinn í sjónum, fallvötnin í fossunum og hitinn í jörðinni, eru auðlindir sem eru sameiginlegar sérhverjum borgara.

Hingað til hafa auðlindir landsins verið nýttar af fáum einstaklingum sem hafa tekið til sín tekjurnar af nýtingu auðlindanna. Því hefur verið haldið fram, að þar sem þeir leggi til vinnuna, þá eigi þeir rétt á tekjunum. Þetta er vissulega rétt, en almennigur á líka rétt á að fá arð af framleiðslunni þar sem verið er að nota sameiginlegar auðlindir. Með greiðslu samfélagslegs arðs, er almennigur að fá til sín hluta af þeirri verðmætaaukningu sem verður til við nýtingu þessara auðlinda og þannig átt kost á að bæta lífsgæði sín vegna aukinnar hagsældar. Með tilkomu samfélagslegs arðs, þá skiptir ekki máli hver nýtir auðlindirnar, það koma allir til með að fá sinn hluta af verðmætaaukningunni. Þessi réttláta dreifing á þeirri verðmætaaukningu sem verður til við nýtingu auðlindanna kemur til án þess að til komi aukin skattheimta eða skerðing á tekjum þeirra sem nýta auðlindirnar.

Enginn getur neitað þeirri fullyrðingu, að allir eigi rétt á mannsæmandi lífi. Það er hins vegar orðið erfiðara og erfiðara að ná þeim markmiðum, þrátt fyrir aukna framlegð í samfélaginu. Velsældin og möguleikinn á mannsæmandi lífi dreifist á sífellt færri hendur. Í nútíma samfélagi er næsta ómögulegt fyrir einstaklinga að nýta sér rétt sinn til aðgangs að verðmætum, án tilkomu fjármagns, sem hefur tekið á sig mynd nauðsynjar í samfélaginu.

Samfélagslegur arður til allra strax við fæðingu, á að tryggja nægar tekjur til að standa undir helstu nauðsynjum í lífinu. Hann tryggir réttláta dreifingu sameiginlegs auðs sem færður hefur verið einstaklingunum af fyrri kynslóðum.

Margur kapitalistinn gæti sagt að með þessu væri verið að bjóða einhverjum eitthvað fyrir ekki neitt. Að sama skapi og fjárfestir ætlast til þess, og telur sig eiga rétt á, að fá arð af eign sinni í hlutafélagi, þá á einstaklingurinn rétt á að fá arð af þeirri framleiðslu sem byggir á sameiginlegum auðlindum og þeirri þekkingu og reynslu sem aflað hefur verið í gegnum kynslóðirnar. Annað væri óréttlátt og ekki í anda kapitalískrar hugsunar um fjárfestingu og arð. Sérhver einstaklingur er erfingi og “hluthafi” í samfélaginu og á rétt á sínum hluta þess arðs sem samfélagið skapar, alveg óháð því hvort hann leggur til beina vinnu eða ekki.

Með aukinni sjálfvirkni hefur framleiðslan aukist án þess að aukningar sé þörf á vinnuframlagi einstaklinga. Það er einn tilgangurinn með tækniframförum, að auðvelda manningunni lífið á jörðinni. Samt erum við að vinna meira og meira þrátt fyrir aukna sjálfvirkni. Með greiðslu samfélagslegs arðs geta einstaklingar nýtt sér þessa þróun í framleiðslutækni, til þess að auka þann tíma sem þeir eyða með vinum og vandamönnum. Í dag er sífellt verið að fjalla um vandann sem fylgir því að fjölskyldur hafa minni og minni tíma aflögu til þess að vera saman. Þessi tilbúni tímaskortur er tilkominn vegna þeirra þarfar núverandi fyrirkomulags, að þurfa alltaf að standa undir auknu fjármagni með vaxtagreiðslum. Ríkið stendur í sömu sporum og á sífellt minna fjármagn til handa þeim sem ekki geta unnið fyrir sér vegna veikinda eða annarra ástæðna! Staðinn fyrir að fjármagnið sé að vinna fyrir einstaklingana, þá eru einstaklingarnir að vinna fyrir fjármagnið.

Með tilkomu samfélagslegs arðs, þá munu einstaklingarnir í samfélaginu öðlast tekjur á tvennan hátt, með beinum launagreiðslum og hinum samfélagslega arði. Þeir sem leggja á sig mikla vinnu fá því meira í sinn hlut en þeir sem ekki leggja til neina vinnu. Þannig hafa þeir sem vilja, möguleika á að afla sér aukins fjármagns til að standa undir þeirri neyslu sem þeir eru að leita eftir. Samfélagslegur arður er líka til þess fallinn að gefa einstaklingum færi á að sinna störfum sem ekki eru hátt launuð og jafnvel unnin í sjálfböðavinnu.

Hingað til hafa þeir einstaklingar sem vilja stunda listköpun, ritsmíðar eða vinna að öðrum fjárhagslega “óhagstæðum” verkum orðið að leita liðsinnis ríkisins í formi styrkja. Styrkir frá ríkinu er hins vegar þannig tilkomnir að fjármagn er tekið af einstaklingum í samfélaginu í formi skatta og dreift til annarra einstaklinga í formi styrkja. Þetta er í eðli sínu óréttlát dreifing á fjármagni og leiðir til spennu á milli samfélagshópa. Með samfélagslegum arði er þessi spenna horfin þar sem ekki er verið að taka þetta fjármagn frá neinum, til þess eins að gefa öðrum. Á þennan hátt nýtist hagsældin til þess að auka við listsköpun og fjölbreyttara mannlíf í samfélaginu. Þetta myndi einnig leiða til þess að ellilífeyrisþegar og öryrkjar stæðu frammi fyrir mun betri lífsgæðum.

Verðbólga

Því hefur löngum verið haldið fram að aukning á fjármagni í umferð og auknar ráðstöfunartekjur einstaklinga leiði til aukinnar verðbólgu. Þetta er rétt ef magn fjármagns í umferð er meira en undirliggjandi verðmæti og ef aukning ráðstöfunartekna er tilkomin vegna hærri launa.

Samfélagslegur arður er tilkominn vegna mismunar á fjármagni í umferð og þeirra undirliggjandi verðmæta sem til staðar eru í samfélaginu. Það er leitast við að fjármagn verði aldrei meira, eða minna, en þau verðmæti sem til staðar eru. Umfang fjármagns á því ekki að leiða til aukinnar verðbólgu.

Ef ráðstöfunartekjur einstaklinga hækka, með tilkomu samfélagslegrar arðgreiðslu, en ekki launhækkana, þá er engin ástæða fyrir því að verðlag hækki. Ef fyrirtæki þurfa ekki að greiða hærri laun, þá er ekki um að ræða hjá þeim hækkun á kostnaði og því ekki forsendur fyrir herra verði.

Framkvæmdir á vegum hins opinbera

Við skulum aðeins líta á eina fullyrðingu, “ríkið hefur einkarétt á framleiðslu fjármagns”. Við erum öll sammála þessu, þ.e. ríkið sér um að prenta peninga, eða koma fjármagninu í umferð. Geymum þetta nú í smá stund og höldum áfram.

Ímyndum okkur að það þurfi að leggja veg. Ríkið, sem sér um að viðhalda vegakerfinu, þarf að fjármagna verkið svo það verði hægt að framkvæma það og byggja veginn, sem við skulum gefa okkur kosti 100.000.000 krónur. Eins og málum er háttað í dag, þá gefur ríkið út ríkisskuldabréf upp á 100.000.000 krónur með ákveðnum vöxtum t.d. 6%. Bankar kaupa þessi ríkisskuldabréf og fjármagna þannig framkvæmdina. Ríkið borgar svo til baka 100.000.000 krónurnar plús 6.000.000 krónur í vexti á hverju ári (svo lengi sem höfuðstóllinn er óbreyttur).

En hvernig stendur á því að ríkið getur ekki fjármagnað þetta, en bankinn getur það? Eins og við ræddum í kaflanum um bankana og bindiskyldukerfið, þá fékk bankinn hvergi þessa peninga, hann bara bjó þá til. Takið eftir *bjó þá til*. Hvernig getur það staðist? Eins og við fullyrtum í byrjun þessa kafla, þá er það þannig að “ríkið hefur einkarétt á framleiðslu fjármagns”. Af hverju er þá bankinn að búa til fjármagnið? Það er viðurkennt og talið traust að ríki gefi út skuldabréf. Ef það er í lagi, afhverju þá ekki bara að gefa út peningana beint, í staðin fyrir að láta bankana um það og borga svo til viðbótar vexti af öllu saman.

Það er engin gagnrýni á það, að gerð vegarins eykur verðmæti í þjóðfélaginu. Þessi verðmæti verður að fjármagna með nýju fjármagni. Ríkið er að láta búa til verðmæti og sér sjálf um að framleiða fjármagnið til að koma til móts við verðmætasköpunina sem á sér stað. Ríkið getur því fjármagnað allar sínar framkvæmdir með nýju fjármagni, það er því í raun engin ástæða til þess að taka lán og reyndar alveg út í hött.

Þetta á auðvitað einungis við ef verkið er unnið af heimamönnum, þ.e. einstaklingum og fyrirtækjum sem eru með lögfestu í samfélaginu. Um leið og fengnir eru utanaðkomandi aðilar eða fyrirtæki, þá þarf að greiða fyrir vinnuna í erlendum gjaldeyri og þá verður að sækja lán. Það er hins vegar ekkert sem segir að sækja verði þessa vinnu til útlanda. Jákvæður vöruskiptajöfnuður myndi líka hjálpa til, þar sem hið erlenda fjármagn gæti þá verið til staðar í landinu. Hins vegar væri líka hægt að gera samningana í íslenskum krónum og þá væri það verktakanna að hlutast til um að skipta fjármagninu í erlendan gjaldeyri, ríkið hefur staðið við sitt.

Hérna er notast við vegagerð sem hinn verðmætaskapandi vinnu. Hins vegar er fullt af öðrum verkum sem falla hérna undir. Til dæmis byggingar húsa, en hægt væri að byggja heilt sjúkrahús án þess að taka lán. Húsnæðið er verðmætaskapandi í heild sinni. Einnig er hægt að líta til faratækja svo sem skipa, en hægt væri að fódra heilan flota með þessu fyrirkomulagi. Öll verk sem ríkið þarf að framkvæma og hefur í för með sér verðmætaaukningu í samfélaginu, verða fjármöggnuð á þennan hátt. Án lántöku.

Þessi framkvæmd gæti gefið vonir um skattalaust umhverfi þar sem ríkið framleiðir bara þá peninga sem það þarf til að greiða útgjöldin. Þetta er hins vegar ekki alveg svo auðvelt. Það sem erfitt er að taka tillit til er launagreiðsla til starfsmanna. Stærstur hluti þess kostnaðar sem ríkið verður fyrir á reglulegum grundvelli, er launakostnaður. Fyrir margar ríkisstofnanir er launakostnaðurinn vel rúmlega helmingur þess

kostnaðar sem liggur fyrir. Einhver starfssemi ríkisins fellur undir verðmætaskapandi þætti, en flest af því sem ríkið sinnir eru þjónustustörf. Þó svo að þjónustan sé verðmæt í sjálfu sér, þá er það nú þannig að ekkert haldbært stendur eftir þegar hún hefur verið innt af hendi. Þetta gerir það að verkum að mikið af útgjöldum ríkisins eru ekki varanleg í þeim skilning sem vegur, brú eða hús eru varanleg. Um leið og þjónusta er keypt, hverfur hún.

Þó svo að ríkið þurfi að afla fjár úr sameiginlegum sjóðum, þá býður þetta kerfi uppá þann möguleika að hægt er að fara í stórar framkvæmdir án skuldsetningu þjóðarinnar. Framkvæmdir sem verða til þess að störf skapast og veltan í samfélaginu heldur áfram. Brúarsmiður fær laun sem hann svo notar til að greiða fyrir mat handa fjölskyldu sinni. Þannig fær einstaklingur vinnu í matvöruverslun og svo koll af kolli.

Eftirfarandi eru tillögur að úrbótum á brýnustu verkefnum til þess að koma efnahagslífinu í gang.

Fjárlagahalli.

Fjármálaráðherra fyrirskipar beina fjármagnsmyndun til að brúa það bil sem er á milli fjárlaga sem Alþingi hefur samþykkt og þess fjármagns sem ríkið hefur til ráðstöfunar.

Áætlanagerð um fjárdreifingu

Fjármálaráðherra mun:

1. gera áætlanir um daglega-, mánaðarlega-, og árlega fjárdreifingarþörf .
2. bera slíkar áætlanir upp á Alþingi og veita almenningi sömu upplýsingar.
3. Samhæfa þær áætlanir við fjárlagagerð.
4. viðhalda nægjanlegum rannsóknar- og eftirlitsferlum til þess að meta, stöðugt, áhrif fjárdreifingar á efnahagslíf landsins.
5. gefa með reglubundnum hætti skýrslu til Alþingis og almennings um áhrif fjárdreifingar og framboð á peningum.

Peningaeftirlit

1. Fjármálaráðherra mun fylgja eftir þeirri stefnu að peningamagn í umferð skapi ekki verðbólgu né verðhjöðnun.
2. Markmið um peningamagn verður sett af Peningaráði sem skipað verður 9 opinberum meðlimum sem skipaðir verða til 6 ára af fjármálaráðherra, með ráðgjöf og samþykki Alþingis. Ráðið skal reglulega gefa ráðherra skýrslu um stöðu mála ásamt tilmælum.
3. Ábyrgð á að stýra peningaframboði í samræmi við markmið Peningaráðs er í höndum fjármálaráðherra.
4. Ráðherra skal upplýsa Alþingi í lok hvers ársfjórðungs um öll frávik milli markmiðs og framboðs sem er umfram 1%.

Dreifing í stað lána.

1. Samkvæmt lögum á fjármagnsdreifing að koma í stað lántöku ríkisins í gegnum útgáfu skuldabréfa.
2. Slíkri lántöku skal hætt þegar í stað, nema Alþingi samþykki annað.
3. Alþingi skal þó hafa heimild til þess að heimila lántöku, ef slíkt telst hagkæmari kostur.
4. Ráðherra skal halda skipulega og nákvæma reikninga um dreifingu peninga og sjóðastöðu með skýrslugerð sem gerð er opinber með útgáfu. Ríkisendurskoðun skal framkvæma sjálfstæða úttekt á reikningunum annað hvert ár.

Stöðvun á endurútlánnum bankalána.

1. Ráðherra skal setja upp viðeigandi reglur, verð og ferla með það fyrir augum að lána bönkum nægjanlegt magn peninga sem samsvara innistæðuskuldbindingum þeirra. Þetta skal gert á pari.
2. Peningaráð skal einnig setja reglur varðandi sparireikninga og annan langtíma sparnað, sem tryggir nægjanlegan stöðuleika peningakerfisins.
3. Samkvæmt þessu bókhaldsreglum munu lán sem viðskiptavinir bankanna endurgreiða (nú tryggð með láni frá ríkinu) ganga til baka til ríkisins og verða þar laus til dreifingar annað hvort sem endurlán til banka eða uppbyggingar á innviðum landsins samkvæmt ákvörðun Peningaráðs. Með þessum hætti hverfur peningurinn ekki úr umferð líkt og gerist með núverandi fyrirkomulagi.
4. Innan sex mánaða skal fyrirkomulag útlánastarfsemi banka vera með þeim hætti að þeir láni einungis:
 - a. Eigið fé sem myndast hefur af hagnaði eða hlutafjárútboði
 - b. Fé sem fengið er að láni með vöxtum frá ríkinu.
 - c. Fé sem með samningi milli banka og innistæðueigenda um endurútlánun innistæðna samkvæmt reglum settum af Peningaráði og fjármálaráðherra.
5. Innan fjögurra mánaða skal fjármálaráðherra gefa út nýjar lána og uppgjorsreglur fyrir mismunandi tegundir innlánsreikninga þar með talið:
 - a. Tékkareikninga og sambærilega reikninga sem verða færslu reikningar sem bankar innheimta geymslu- og færslugjöld fyrir. Ekki verður sem sagt hægt að lána út á slíkar innistæður.
 - b. Sparnaðarreikninga og aðra langtíma reikninga sem hægt verður að lána á móti. Lánstíminn samsvarar binditíma sparnaðarreikninganna.
 - c. Peningamarkaðsreikninga og annara sambærilegra sjóða.

Vaxtahámark

1. Heildarupphæð vaxta á lánum, auk annars lánskostnaðar, sem fjármálastofnanir lána öðrum en lögaðilum má á lánstímanum ekki verða hærri en upphaflegur höfuðstóll lánsins. Undanskilin þessu verða húsnæðislán.
2. Ársvextir skulu ekki verða hærri en 8% að meðtöldum lánakostnaði.
3. Vísitölubindingu lána skal hætt.

Uppbygging innviða.

1. Innan þriggja mánaða skal ráðherra upplýsa Alþingi um tækifæri til uppbyggingar á innviðum Íslands með beinni fjármögnun ríkisins. Líta skal í þessu sambandi til samgöngumála, heilsugæslu, menntamála og annara mála sem stuðla að almennri velferð. Miða skal við að þessi áætlun skapi jafna þróun efnahagssumsvifa á landinu.
2. Innan sex mánaða skal ráðherra leggja til við Alþingi áætlun um vaxtalaus lán til sveitafélaga til uppbyggingar og endurbóta á innviðum. Miða skal við höfðatölu auk annara skilyrða ákveðin af Peningaráði til þess að gæta jafnræðis.
3. Til framtíðar skal miða við að Peningaráð heimili fjármálaráðuneytinu að veita sveitafélögum árlegan styrk til uppbyggingar innviða. Skal upphæðin miðast við 25% af þeirri peningaupphæð sem búin var til árið áður og notuð var til uppbyggingar. Styrkurinn verður greiddur út á 12 mánaða tímabili.
4. Innan þriggja mánaða skal ráðherra, í samráði við Peningaráð, mælast til við Alþingi að greiða út samfélagsarð, sem skal vera skattfrjáls greiðsla til allra sem hafa íslenskan ríkisborgararétt. Þetta veitir nauðsynlegu fjármagni í grasrótina og brúar bilið á meðan fyrirhugaðar framkvæmdir við innviði fara að skila fjármagnsflæði inn í hagkerfið.

Höfundar:

Jón Lárusson, lögregluþjónn
Egill H. Lárusson, framhaldsskólakennari